

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1996

---

Nr. 290

600

31. maí 1996

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 19. desember síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði við vestari götukant Þverholts frá Stórholti og suður að syðri lóðarmörkum Þverholts 14 verði gjaldskyld með leyfilegum hámarkstíma 2 klst.

Notaðir verða stöðumælur fyrir 50 króna mynt með tímagjaldinu 50 krónur á klukkustund.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

*Reykjavík, 31. maí 1996.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,  
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

Nr. 291

23. maí 1996

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Varmahlíðar, Seyluhreppi 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 23. maí 1996 staðfest aðalskipulag Varmahlíðar, Seyluhreppi 1995-2015. Jafnframt er fellt úr gildi aðalskipulag Varmahlíðar frá 10. október 1983 með síðari breytingum.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Seyluhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Hrafn Hallgrímsson.*